

Alþingi
Erindi nr. P 141/1384
komudagur 7.2.2013



Skrifstofa Alþingis
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

SÍBS | Icelandic Chest Patients Association
Síðumúli 6 | IS-108 Reykjavík | Iceland
tel +354 560 4800 | fax +354 562 9150
sibs@sibs.is | www.sibs.is

Efni: Umsögn um frumvarp til breytingar á lögum um happdrætti, 477. mál

Umsögn

SÍBS styður frumvarp um breytingu á lögum um happdrætti, 477. mál, með eftirfarandi breytingum:

- **Hlutdeild flokkahappdrætta í netspilun verði tryggð betur**
 - Öruggt má telja að enn frekari samdráttur verði í hefðbundnum flokkahappdrættum með tilkomu löglegra netspila, og því ber að taka sérstakt tillit til þeirra með því að skipta netspilun eingöngu milli flokkahappdrættanna.
 - Markmið laganna er m.a. að takmarka og koma böndum á spilavanda, og því ber ekki að hygla söfnunarkassa- og (talna)getraunafyrirtækum með hlutdeild í netspilun.
 - Sé ekki girt fyrir það í lögnum, er líklegt að söfnunarkassa- og (talna)getraunafyrirtæki reyni að nýta sér háa veltu til að öðlast yfirgnæfandi hlutdeild í netspilafyrirtæki og hlutdeild flokkahappdrætta í heildarmarkaðinum skerðist.
- **Eftirlits- og forvarnagjald verði þrepaskipt**
 - Sýnt hefur verið fram á að *hætta á spilafíkn er lítil sem engin í flokkahappdrættum*, og því ætti gjald á flokkahappdrættin að vera mun lægra en á önnur peningaspil.
 - Umfang eftirlits og spilavanda *stendur í hlutfalli við veltu* en ekki hreinar happdrættistekjur, og því ætti eftirlits- og forvarnagjald að vera *veltutengt*.
 - Lagt er til að gjaldið nemi 0,04% af veltu flokkahappdrætta, en 0,4% af veltu annarra peningaspila, eða þannig að heildarfjárhæð gjaldsins verði jöfn eftir sem áður.

Sjá nánar í greinargerð með tillögnum hér að neðan, sem og aðal- og varakröfur Happdrættis SÍBS.

Greinargerð

Netspilun

Með tilkomu löglegra netspila má telja öruggt að *enn frekari samdráttur verði í hefðbundnum flokkahappdrættum*, og því ber að taka sérstakt tillit til þeirra með því að skipta netspilun einungis milli flokkahappdrættanna.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum, er fyrirjábanlegt að söfnunarkassa- og (talna)getraunafyrirtækin munu beita sér fyrir stærri hlutdeild í netspilunarfyrirtækinu í krafti veltu sinnar, og hlutdeild flokkahappdrættanna í heildar-happdrættismarkaðinum muni *skerðast* frá því sem nú er.

Þá má nefna að þar sem markmið frumvarpsins er m.a. að *takmarka spilavanda og koma böndum á eyðslu*, virðist það ganga að nokkru gegn tilgangi frumvarpsins að hygla söfnunarkassa- og (talna)getraunafyrirtækjum með því að veita þeim hlutdeild í fyrirhuguðu netspilafyrirtæki.

Aðalkrafa: Happprætti SÍBS óskar því eftir að orðin "...happprætti eða söfnunarkassa samkvæmt sérstökum lögum ..." í 1. gr. staflið d, breytist í "... flokkahappprætti samkvæmt sérstökum lögum ..."

Varakrafa: Ef engu að síður verður ákveðið að veita söfnunarkassa- og/eða (talna)getraunafyrirtækjum hlutdeild í fyrirhuguðu netspilunarfyrirtæki, verði lögbundið að slík hlutdeild skuli skiptast á grundvelli hreinna happprættistekna en ekki brúttóveltu, og einnig tryggt sérstaklega að hlutdeild flokkahappprættanna á heildarmarkaði skerðist ekki frá því sem nú er.

Eftirlits- og forvarnargjald

Áformað 0,8% eftirlits- og forvarnargjald er allhátt miðað við sögulegan hagnað Happprættis SÍBS. Hreinn hagnaður happprættisins hefur gegnum tíðina numið kringum 30% af hreinum happprættistekjum, og 0,8% gjaldstig nemur þannig *tæplega 3% raunverulegri fjáröflun happprættisins*.

Fram hefur komið í skýrslum um íslenska happprættismarkaðinn, að *hættan á spilafíkn af völdum hefðbundinna flokkahappprætta sé sáralítill sem engin*. Því verður með engu móti séð að sanngjarnt sé að leggja jafnhátt eftirlits- og forvarnargjald á flokkahappprættin og önnur peningaspil.

Þá er óeðlilegt, að eftirlits- og forvarnargjald reiknist af hreinum happprættistekjum en ekki heildarveltu, þar sem það er *heildarveltan* sem segir til um umfang starfseminnar og stendur í beinu hlutfalli við umfang spilavanda þar sem honum er til að dreifa.

Vinningshlutfall flokkahappprætta og talnagetrauna er á bilinu 40–70%, en söfnunarkassa 89%. Þetta þýðir að 0,8% gjald af hreinum happprættistekjum samsvarar 0,24%-0,48% af veltu hinna fyrrnefndu, *en aðeins 0,088% af veltu söfnunarkassanna*, sem hlýtur að skjóta skökku við.

Rökréttara væri, ef eftirlits- og forvarnargjald væri *veltutengt*, en lækka á gjaldstigið á móti, þannig að raunhæfara gjald leggist á söfnunarkassa miðað við umfang þeirra og veltu.

Í ljósi alls ofangreinds fer Happprætti SÍBS fram á að tekið verði tillit til sérstöðu hefðbundnu flokkahappprættanna, og lagt á *þrepaskipt eftirlits- og forvarnargjald*, þar sem flokkahappprættin (eða flokkahappprættishluti í blönduðum rekstri) bæri verulega lægra gjald, eða 0,04% af veltu, en önnur peningaspil 0,4% af veltu.

Aðalkrafa: Happprætti SÍBS óskar eftir að í stað setningarinnar "Eftirlits- og forvarnargjald er gjald sem nemur 0,8% af hreinum happprættis- og spilatekjum þeirra sem getið er í 1. mgr." í 16. gr. 2. mgr. komi setningin "Eftirlits- og forvarnargjald er gjald sem nemur [0,4%]* af veltu happprættis- og spilatekjum þeirra sem getið er í 1. mgr., þó nemi gjaldið [0,04%]* af hreinum happprættistekjum hefðbundinna flokkahappprætta, eða hlutdeild hefðbundinna flokkahappprætta í blönduðum rekstri." *Gjaldstig á eftir að reikna nákvæmlega.

Varakrafa: Eftirlits- og forvarnargjald verði aðgreindir gjaldstofnar og fastsettir með tilliti til raunverulegs kostnaðar vegna eftirlits og forvarna fyrir hverja tegund happprættis.

Almennt

Undirritaður f.h. Happraættis SÍBS óskar eindregið eftir því að fá tækifæri til að koma fyrir allsherjar- og menntamálanefnd og útskýra sjónarmið Happraættis SÍBS nánar.

Um SÍBS:

SÍBS á og rekur endurhæfingarmiðstöðina Reykjalund og öryrkjavinnustaðinn Múlalund, og innan sambandsins starfa aðildarfélag með á sjöunda þúsund félagsmanna.

SÍBS beitir sér fyrir fræðslu og forvörnum á sviði lífsstílsjúkdóma og sinnir faglegu endurhæfingarstarfi. Tveir þriðju hlutar dauðsfalla og verulegur hluti örorku orsakast af sjúkdómum sem tengjast lífsstíl, þ.m.t. tóbaksreykingum, óheilsusamlegu mataræði, hreyfingarleysi og misnotkun áfengis.

Reykjavík, 7. febrúar 2013

Virðingarfyllst,



Guðmundur Löve
framkvæmdastjóri SÍBS